

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1254/2008

2017/EES/24/08

frá 15. desember 2008

**um breytingu á reglugerð (EB) nr. 889/2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara að því er varðar lífræna framleiðslu, merkingar og eftirlit (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 frá 28. júní 2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara og niðurfellingu reglugerðar (EBE) nr. 2092/91 <sup>(1)</sup>, einkum 20. gr. (3. mgr.), 21. gr. (2. mgr.), 22. gr. (2. mgr.) og 38. gr. (a-liður),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 834/2007, einkum 20. gr. hennar, er mælt fyrir um grunnkröfur sem gerðar eru við lífræna framleiðslu gers. Mæla skal fyrir um ítarlegar reglur um framkvæmd þessara krafna í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 889/2008 <sup>(2)</sup>.
- 2) Þar sem innleiða skal ákvæði um lífræna framleiðslu gers skal gildissvið reglugerðar (EB) nr. 889/2008 nú einnig að ná yfir ger sem notuð eru sem matvæli eða fóður.
- 3) Með það fyrir augum að aðstoða bændur með lífrænan búskap að hafa fullnægjandi fýðurbirgðir fyrir dýrin sín og til að greiða fyrir aðlögun svæða að lífrænni ræktun til að koma til móts við auknar kröfur neytenda um lífrænar vörur þykir rétt að leyfa notkun á allt að 100% hlutfalli fódurs sem er í aðlögun, sem framleitt er á bújörð bóndans, í fódurskömmtum lífrænt alinna dýra.
- 4) Samkvæmt B-þætti VI. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 <sup>(3)</sup> var eingöngu leyfilegt að nota ensím, sem yfirleitt eru notuð sem hjálparefni við vinnslu, við lífræna vinnslu en ensím sem notuð eru sem aukefni í matvælum skulu færð á skrána yfir leyfileg aukefni í matvælum í lið A.1 í A-þætti VI. viðauka við þá reglugerð. Nauðsynlegt er að endurinnleiða þetta ákvæði í nýju framkvæmdareglurnar.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 337, 16.12.2008, bls. 80. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 49/2017 frá 17. mars 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 189, 20.7.2007, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 250, 18.9.2008, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 198, 22.7.1991, bls. 1. Reglugerð (EBE) nr. 2092/91 er felld úr gildi og í stað hennar kemur reglugerð (EB) nr. 834/2007 frá og með 1. janúar 2009.

5) Þar sem ger telst ekki til landbúnaðarafurða í skilningi 3. mgr. 32. gr. sáttmálans, og til þess að unnt sé að merkja lífrænt ger sem lífrænt, er nauðsynlegt að breyta ákvæðinu um útreikning á innihaldsefnum. Útreikningur á geri og gefarfurðum sem innihaldsefni úr landbúnaði verður þó skyldubundinn frá og með 31. desember 2013. Þetta tímabil er nauðsynlegt fyrir iðnaðinn til að aðlagast aðstæðum.

6) Á tilteknum svæðum innan Evrópusambandsins er hefð fyrir því að skreyta soðin egg með litum á tilteknum árstíma og þar sem lífræn egg geta einnig verið lituð og sett á markað hafa tiltekin aðildarríki lagt fram beiðni um að leyfa liti í þeim tilgangi en nefnd óháðra sérfræðinga rannsakaði tiltekna liti og önnur efni til að sótthreinsa og varðveita soðnu egginn <sup>(4)</sup> og komst að þeirri niðurstöðu að leyfa mætti tímabundið allmarga náttúrulega liti, ásamt efnasmíðuðu járnnoxíði og járn-hýdroxíði. Þar sem framleiðslan er staðbundin og árs-tíðabundin er þó við hæfi að láta lögbærum yfirvöldum eftir að veita viðeigandi leyfi.

7) Eins og nefnd um lífrænt ger <sup>(5)</sup> hefur mælt með ættu nokkrar vörur og efni, sem nauðsynleg eru við lífræna framleiðslu gers, verkun þess og lögun, að vera heimiluð skv. 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007. Í 20. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um að við lífræna framleiðslu gers skuli aðeins nota næringarefnablöndu úr lífrænni framleiðslu og að ger úr lífrænni ræktun skuli ekki nota í matvæli eða fóður úr lífrænni framleiðslu ásamt hefðbundnu geri. Sérfræðinganefndin mælti þó með því í niðurstöðum sínum frá 10. júlí 2008 að leyfa tímabundið, þar til lífrænir gerkjarnar verða tiltækir, 5 % hlutfall ólífrænna gerkjarna við lífræna framleiðslu gers, sem næringarefnablöndu til viðbótar, sem uppsprettu köfnunarefnis, fosfórs, vítamína og steinefna. Í samræmi við reglurnar um sveigjanleika, skv. e-lið 2. mgr. 22. gr. þeirrar reglugerðar, skal heimila 5% hlutfall ólífrænna gerkjarna við lífræna framleiðslu gers.

8) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 889/2008 til samræmis við það.

<sup>(4)</sup> Tilmæli hóps óháðra sérfræðinga um „umsókn um litunarefni til litunar lífrænna páskaeggja“ [www.organic-farming.europa.eu](http://www.organic-farming.europa.eu)

<sup>(5)</sup> Tilmæli hóps óháðra sérfræðinga um „ákvæði um lífrænt ger“ [www.organic-farming.europa.eu](http://www.organic-farming.europa.eu)

9) Breytingarnar skulu gilda frá og með gildistökudegi reglugerðar (EB) nr. 889/2008.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stjórnáslunefndarinnar um lífræna framleiðslu.

#### SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

##### 1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 889/2008 er breytt sem hér segir:

1. Í 2. mgr. 1. gr. falli d-liður brott.

2. Í stað 1. mgr. 21. gr. komi eftirfarandi:

„1. Að meðaltali má allt að 30% af fóðrinu í fóður-skömmunum vera fóður í aðlögun. Ef fóðrið, sem er í aðlögun, er frá einingu, sem er hluti af bújörðinni sjálfri, má auka þetta hlutfall í 100%.“

3. Ákvæðum 27. gr. er breytt sem hér segir:

a) eftirfarandi málslíður bætist við í b-lið 1. mgr.:

„hinsvegar verður að skrá ensím sem nota á sem aukafni í matvælum í A-þætti VIII. viðauka.“

b) eftirfarandi c-liður bætist við í 2. mgr.:

„c) skal reikna ger og gerafurðir sem innihaldsefni úr landbúnaði frá og með 31. desember 2013.“

c) eftirfarandi 4. mgr. bætist við:

„4. Lögbært yfirvald getur heimilað, fyrir tiltekinn árstíma, notkun náttúrulegra lita og náttúrulegra húðunarefna við hefðbundna skreytingu á skurn soðinna eggja, sem framleidd eru í þeim tilgangi að setja þau á markað á þeim tíma sem um getur hér að framan. Heimildin getur náð yfir efnasmíðað járnnoxíð og járnhýdroxíð til 31. desember 2013. Tilkynna skal framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum um slíkar heimildir.“

4. Eftirfarandi 27. gr. a bætist við:

##### „27. gr. a

Að því er varðar beitingu 1. mgr. 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 er heimilt nota eftirfarandi efni við framleiðslu, verkun og lögun gers:

a) efni sem skráð eru í C-þætti VIII. viðauka við þessa reglugerð,

b) vörur og efni sem um getur í b- og e-lið 1. mgr. 27. gr. þessarar reglugerðar.“

5. Eftirfarandi 3. þáttur a bætist við 6. kafla II. bólsks:

##### „3. þáttur a

**Framleiðslureglur í sérstökum undantekningartilvikum að því er varðar notkun á tilteknum afurðum og efnum í vinnslunni í samræmi við e-lið 2. mgr. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007**

##### 46. gr. a

#### Ólífrænum gerkjarna bætt við

Ef skilyrðin, sem mælt er fyrir um í e-lið 2. mgr. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, eiga við er leyfilegt, við lífræna framleiðslu gers, að bæta allt að 5% hlutfalli ólífrænna gerkjarna eða sjálfrofina gerefna við næringar-efnablönduna (reiknað sem þurrefni), ef rekstraraðilum er ókleift að afla gerkjarna eða sjálfrofina gerefna úr lífrænni framleiðslu.

Endurskoða skal tiltækileika lífrænna gerkjarna eða sjálfrofina gerefna fyrir 31. desember 2013 með það fyrir augum að fella niður þetta ákvæði.“

6. Ákvæðum VIII. viðauka er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

##### 2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2009.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. desember 2008.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Mariann Fischer BOEL

*framkvæmdastjóri.*

VIDAUKI

Ákvæðum VIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 889/2008 er breytt sem hér segir:

1. Í stað fyrirsagnar VIII. viðauka komi eftirfarandi:

**„Tilteknar vörur og efni til notkunar við framleiðslu á unnum lífrænum matvælum, geri og gerafurðum sem um getur í a-lið 1. mgr. 27. gr. og a-lið 27. gr. a“.**

2. Eftirfarandi bætist við sem C-þáttur:

„C-ÞÁTTUR — HJÁLPAEFNI VIÐ VINNSLU TIL FRAMLEIÐSLU Á GERI OG GERAFURÐUM

Heiti	Frumræktarger	Verkun/lögun gers	Sérstök skilyrði
Kalsíumklóríð	X		
Koltvísýringur	X	X	
Sítrónusýra	X		Til að stjórna sýrustiginu við framleiðslu gers
Mjólkursýra	X		Til að stjórna sýrustiginu við framleiðslu gers
Köfnunarefni	X	X	
Súrefni	X	X	
Kartöflusterkja	X	X	Til síunar
Natríumkarbónat	X	X	Til að stjórna sýrustiginu
Jurtaolía	X	X	Smurningsefni, leysari eða froðueyðir.“